



STÉTTARFÉLAG VESTMANNAEYJUM
FYRST GÖRFUND 1917

Drífandi stéttarfélag

Alþingi

Erindi nr. P 140/1817

komudagur 18.4.2012

Atvinnuveganefnd Alþingis

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um lagafrumvörp um stjórn fiskveiða og lagafrumvarp um veiðigjald, mál 657 og 658.


Drífandi í Vestmannaeyjum er stéttarfélag fiskverkafólks, almenns verkafólks og ófaglærðra hjá ríkisstofnunum og Vestmannaeyjabæ. Við gerum nokkrar athugasemdir við frumvarpið og eru þær eftirfarandi:

- Góður punktur er í frumvarpinu varðandi markaðs og þróunarsjóð sem stofna á. Drífandi telur afar mikilvægt að hægt sé að stofna í byggðunum nýsköpunar og rannsóknarfyrirtæki með aðkomu sjávarútvegsfyrirtækja, mennta- og rannsóknarstofnana til að þróa þær afurðir sem koma á land á stöðunum. Sjávarútvegsfyrirtækin gætu þá valið að koma að þessum verkefnum/fyrirtækjum gegn skattaafslætti eða að öðrum kosti greiða skattinn til ríkisins. Með þessu móti færu rannsóknirnar fram þar sem afurðirnar eru og verða til, samlegðaráhrif og peningasparnaður yrði mikill, menntun og þekking yrði til víða um land og stoðkerfi samfélaganna myndu eflast. Það yrði einnig tii áþreifanlegur og fjárhagslegur hvati til að ná fram auknu verðmæti á staðnum.
- Opinber markmið frumvarpanna eru þau sömu og í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. En að auki boða þau mikla tilfærslu á aflaheimildum og afar háa gjaldtöku. Ljóst er að brottflutningur aflaheimilda frá Vestmannaeyjum mun rýra kjör verkafólks þar og getur orðið til lækkunar fasteignaverðs auk annarra óæskilegra áhrifa. Það er afar ámælisvert að engin skoðun hafi farið fram í undirbúningi frumvarpsins hvaða áhrif frumvarpið muni hafa á kjör almenns verkafólks í sterkum sjávarbyggðum, þar sem ljóst er að áhrifin munu koma hvað skýrast fram.
- Með boðuðum afar háum gjaldtökum og kvótatilfærslum eru byggðirnar aðeins að skipta um húsbændur en ekki er verið að efla hag þeirra. Áður fyrr var það víða þannig er útgerðarmenn

fóru úr greininni að þeir seldu kvótann í burtu, seldu hann innan byggðarinnar eða leigðu hann. Í öllum þeim tilfellum blæddu byggðunum, annað hvort með kvótaleyzi, urðu skuldsettar með kvótakaupum eða urðu leiguliðar með kvótaleigu. Og í öllum tilfellum fóru peningarnir á SV. hornið og voru notaðir þar í fasteigna og fyrirtækjakaup. Núverandi frumvarp boðar það sama, kvóti tekinn frá byggðunum, kvóti keyptur í byggðirnar eða kvóti leigður til þeirra. Semsagt ríkisvæðing á óréttlætinu í stað þess að sníða vankantana af núverandi kerfi og koma á sanngjörnum auðlindagjöldum.

- Margt fleira mætti telja til en stéttarfélagið er aðili að Starfsgreinasambandinu sem einnig sendir inn umsögn. Umsögn sem er í eðli sínu aðeins málamiðlun ólíkra skoðana. Óþarfi er að tína upp úr henni og endurtaka það hér. Að framansögðu teljum við því betra heima setið en af stað farið. Engin athugun hefur farið fram á áhrifum frumvarpana á lífskjör fólks á landsbyggðinni. Meðan svo er þá er hreint ábyrgðarleysi að samþykkja þau. Óréttlæti núverandi kerfis er slæmt en miklu verra er réttlætið sem boðað er með nýju kerfi

F.h. Drifanda stéttarfélags



Arnar G. Hjaltalín

Formaður